

Fálkasetur

13. fundur stjórnar 1. mars 2013, símafundur kl. 14:00.

Mættir: Aðalsteinn, Hjörleifur, Sverrir og Ari Páll.

Eftirfarandi málefni voru rædd:

1. Þátttaka í Ís-liða verkefninu

Vignir Skúlason, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands, hafði samband við Hjörleif á miðvikudaginn síðasta til að kynna fyrir honum verkefnið Ís-liðar. Verkefnið gengur út á að fá sjálfbóðaliða sem eru tilbúnir að greiða fyrir að fá að koma og taka þátt í fjölbreyttum rannsóknum og að vinna með sérfræðingum á rannsóknarsetrum. Fálkasetrinu var boðin þátttaka í þessu verkefni en lítill tími var gefinn til umhugsunar þar sem skila á styrksumsókn í dag, 1, mars.

Fundarmenn voru sammála um að verkefnið væri áhugavert en Fálkasetrið væri hins vegar of stutt á veg komið til að tengjast slíkum verkefnum. Enn sem komið er fer öll orka Fálkasetursins í að styrkja tilveru sína og festa sig í sessi og allar hugmyndir um skipulagðar rannsóknir á þess vegum eru enn fjarlægjar. Í ljósi þess var ákveðið að hafna boði um að taka þátt í verkefninu.

2. Fræðsludagskrá í samstarfi við Þjóðgarðinn

Þjóðgarðurinn er að vinna að fræðsludagskrá fyrir sumarið og því þarf að ákveða með hvaða hætti Fálkasetrið ætli að koma að fræðslu í sumar. Ákveðið að hafa það með sama hætti og í fyrra þ.e. fálkasetrið mun veita landvörðum fræðslu um fálka til að auðvelda þeim að vera með vikulegar fræðsluferðir um fálkann. Ein gönguferð verður skipulögð þar sem markmiðið er að sýna fálka við hreiður.

3. Umsóknir í Náttúruverndarsjóð Pálma

Til stendur að sækja um styrk í Náttúruverndarsjóð Pálma til gerðar sýningar í Gljúfrastofu. Hjörleifur tekur að sér gerð umsóknarinnar en aðrir stjórnarmenn verða honum innan handar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson